

Tillaga að breytingu á REKSTRARLEYFI FE-1189

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðan greinds:

Leyfishafi:	Kaldvík hf.	Kennitala:	520412-0930
Starfsstöð:	Lón ¹	Hámarkslífmassi:	600 tonn
Gildir frá:	2.11.2022	Gildir til:	2.11.2038
Starfsemi:	Landeldi, seiðaeldi		
Tegundir:			
Lax / <i>Salmo salar</i>	Frjór lax	StofnFiskur, AquaGen ²	

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og ræktunarsvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 462/2021 (sem innleiðir reglugerð nr. 2016/429) um smitandi dýrasjúkdóma, með síðari breytingum og ber rekstrarleyfishafa að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slyssleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitafélaga og næstu veiðifélaga.

Rekstrarleyfishafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa sem byggir á gagnagrunni um erfðaeefni hjá framleiðanda hroгна.

Gildistaka rekstrarleyfis þessa er háð því að leyfi til framkvæmda sé til staðar. Einnig þarf nýtingarleyfi Orkustofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis fiskeldisstöðva á landi er háð úttekt Matvælastofnunar og því

¹ Kelduhverfi, Norðurþingi

² AquaGen Profunda, eldisstöð 10183 Barstadvik, Noregi

skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.